

7  
24. jan.

## Reglugjörð.

um

skipun póstmála.

1. gr.

Aðalpóstmeistari hefir á hendi yfirsjórn póstmála og ber ábyrgð gagnvart ráðherra á öllum framkvæmdum þarað lútandi.

Aðalpóstmeistari stendur undir atvinnumálaráðherranum án nokkurra milliliða og leggur munnlega fyrir hann þau mál, sem ráðherra á að skera úr, eða, sem hann á að fá vitneskju um.

Aðalpóstmeistari hefir sjer til aðstoðar póstritarann, póstfulltrúa og aðstoðarmenn.

2. gr.

Póstritari ber ábyrgð gagnvart aðalpóstmeistara á öllu því, sem heyrir undir hann á aðalskrifstofu póstmálanna, og kemur í hans stað, þegar hann er fjarverandi eða eigi viðlátinn.

Brjef þau, sem aðalpóstmeistari skrifar eigi undir sjálfur, undirskrifar póstritarinn og bætir við nafn sitt f. h. a. (fyrir hönd aðalpóstmeistara) eða póstfulltrúinn og bætir við nafn sitt e. u. (eptir umboði).

3. gr.

Konungur veitir aðalpóstmeistaraembættið, en eftir tillögum aðalpóstmeistara veitir ráðherra bæði póstritara- póstmeistara- og póstfulltrúaembætti.

Aðalpóstmeistari skipar póstaþgreiðslumenn og aðstoðarmenn, en brjefhirðingarmenn, brjefbera og pósta skal hann ráða með samningum.

Þeir póstembættismenn, sem taldir eru í launalögum, mega eigi takast á hendur nein launuð störf fyrir stjórnarvöld eða einstaka menn án leyfis aðalpóstmeistara eða ráðherra.

Þegar póstembætti eru laus skal aðalpóstmeistari sjá um að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau til bráðabirgða, og hann hefir heimild til að vikja póstembættismönnum frá um stundarsakir.

Við skipun embætta og sýslana skal aðalpóstmeistari hafa í ráðum með sjer póstritarann og póstmeistarann í Reykjavík.

4. gr.

Á aðalskrifstofu póstmálanna skal, meðal annars, endurskoða reikninga frá póstmeisturum og póstaþgreiðslumönnum, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og þangað skal senda peninga, sem póstmeistarar og póstaþgreiðslumenn eiga að standa skil á. Þaðan

skal afgreiða til sömu frímerki, peninga, eyðublöð og áhö'd eftir þörfum, og þar skal saminn reikningur yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld ríkisins fyrir hvert almanaksár. 7 24. jan.

Reikning þenna lætur fjármálaráðherrann endurskoða.

Hinaránari reglur um störfín á aðalskrifstofu póstmálanna setur aðalpóstmeistari.

#### 5. gr.

Póstmeistarar stjórna öllum störfum á póststofum sínum bæði gagnvart starfsmönnum og yfirmönnum sínum, gagnvart öðrum pósthúsum og almenningi, sem notar póstinn.

Þeir skulu jafnframt því að taka þátt í störfunum, sjá um að verkín sjeu vel unnin og að almenningi sje sýnd lipurð, en jafnframt að allrar sparsemi sje gætt. Verknm skal þannig fyrir komið, að hægt sje að ákveða, hver beri ábyrgð á misfellum þeim, sem kunna að koma fyrir, og það er skylda hvers starfsmanns að styðja að því.

Þeir hafa eftirlit með starfsmönnum á póststofum sínum, brjefberum, sem ganga þaðan, og pósthúsum, sem liggja undir þá, og þeir skulu rannsaka frímerkjabirgðir og sjóð hjá hinum framantöldu, svo og á öðrum pósthúsum, þegar aðalpóstmeistari leggur svo fyrir.

Póstmeistarar skulu senda aðalskrifstofu póstmálanna eða aðalpóstmeistara reikning yfir tekjur og gjöld við lok hvers mánaðar með þeim fylgiskjölum, sem hann leggur fyrir.

#### 6. gr.

Póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, skulu við lok hvers mánaðar semja reikning yfir tekjur og gjöld við póstafrageiðsluna fyrir mánuðinn og senda aðalpóstmeistara eða aðalskrifstofu póstmálanna ásamt kvittunum fyrir gjöldunum og það, sem kann að vera í sjóði, ef eigi þarf á því að halda, til að borga með útgjöld póstafrageiðslunnar. Við árslok skal póstafrageiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstafrageiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Auk þess að sjá um póstafrageiðsluna þar á staðnum skal hann hafa gætur á að póstafrageiðslumenu, er eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og kunna að verða lagðar undir hann, svo og brjefhirðingarmenn í umdæmi hans, leysi af hendi störf sín eins og fyrirskipað er. Hann skal bera upp fyrir aðalpóstmeistara uppástungur um, hverja skuli taka í nefndar sýslanir, þegar þær eru lausar, og hann getur gefið þeim ferðaleyfi, þó svo að sjeð verði um að störfunum sje gegnt, svo að alt sje í reglu á meðan.

Póstafgreiðslnmaðurinn skal senda aðalpóstmeistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmál og hann skal, svo opt sem þess verður krafist, leggja fram bækur sínar og annað póstafrageiðslunni tilheyrandi til sýnis aðalpóstmeistara eða þeim, sem hann setur í sinn stað til að framkværa slíka skoðun.

Hann skal sækja um leyfi hjá aðalpóstmeistara til þess að ferdast út fyrir umdæmi sitt; þegar á liggur getur hann samt tekist ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann aðalpóstmeistara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, sjálfur að sjá um að áreiðanlegur maður annist póststörfín á hans ábyrgð, meðan hann er fjarverandi.

7

24. jan.

7. gr.

Póstafgreiðslumenn þeir, sem eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, liggja annaðhvort undir póstmeistara eða póstafgreiðslumann með sjálfstæðri reikningsfærslu, og hafa að eins viðskifti við aðalpóstmeistara gegnum póstmeistara þann eða póstafgreiðslumann, sem yfir þá er settur.

Póstafgreiðslumaður, sem eigi hefir sjálfstæða reikningsfærslu, skal með hverri póstferð senda póstmeistara eða póstafgreiðslumanni, sem hann heyrir undir, alla peninga, sem hann hefir í sjóði, með nauðsynlegri skilagrein.

8. gr.

Brjefhirðingamaður er skyldur til þess við lok hvers mánaðar að gjöra póstmeistara eða póstafgreiðslumanni þeim, sem hann er undirgefinn, skil fyrir póstgjöldum þeim, sem hann hefir tekið við, og senda það sem kann að vera í sjóði. Hann hefir aðeins viðskifti við aðalpóstmeistara, fyrir milligöngu nánasta yfirboðara síns, sem getur veitt honum ferðaleyfi, gegn því, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð meðan hann er fjarverandi.

9. gr.

Aðalpóstmeistarinn ræður pósta þá, sem með þarf til þess að póstflutningur komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskilyrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póstáætlunin ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmlega skal tiltaka, liggja við, ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupmi því, sem samið er um fyrir ferðina, og sje aftur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því ástandi, sem ákveðið er, hafi hann án gildirar ástæðu farið aðra leið en ákveðið var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmara er ákveðin í samningnum. Hafi aftur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum þeim, sem settir eru í samningnum, verður hann til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sjer stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal ritað á hann á hverjum viðkomustað, hvenær póstur kemur og hvenær hann fer og hvað sent er með honum.

10. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum svo og um reikningsskil og reikningsfærslu póstmeistara, póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna setur aðalpóstmeistari.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1920 og frá sama tíma er feld úr gildi 7  
reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908. 24. jan.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 24. janúar 1920.

**Sigurður Jónsson.**

*Ole P. Blöndal.*

# Samþykkt

8  
11. febr.

## um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað.

I. Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 11 kjörnum fulltrúum. Bæjarstjóri á sæti í bæjarstjórn, þótt hann sje eigi kjörinn bæjarfulltrúi.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd
2. Hafnarnefnd.
3. Jarðeignarnefnd
4. Byggingarnefnd
5. Fátækrarnefnd
6. Vegarnefnd
7. Vatnsveitunefnd
8. Húseignarnefnd
9. Brunamálarnefnd
10. Rafmagnsnefnd
11. Ellistryktarsjóðsnefnd
12. Sundnefnd
13. Stjórnarnefnd »Caroline Rest«
14. Skólanefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin 2 menn í skattanefnd og einn til vara, 1 mann í heilbrigðisnefnd, 1 mann í sóttvarnarnefnd og einn mann til að semja verðlagsskrá, 1 mann í fulltrúaráð »Verksmiðjufjelags Akureyrar«, og 1 mann til að endurskoða reikninga þess. 1 mann í stjórn sjúkrahússins »Gudmanns Minde« og 1 mann til að endurskoða reikninga þess.